

## Erindisbréf

### Verkefnastjórn um uppbyggingu hjúkrunarheimilis við Sólvang, Hafnarfirði.

#### Hlutverk:

Meginverkefni verkefnastjórnar er að hafa umsjón með byggingu og lóðarfrágangi hjúkrunarheimilis að Sólvangi, Hafnarfirði. Verkefnastjórnin skal standa fylgjast með útboði vegna reksturs heimilisins. Verkefnastjórnin skal fylgja verkinu eftir allt til þess að bygging og lóð eru fullkláruð og rekstur hjúkrunarheimilisins hefst.

Verkefnastjórnin skal einnig vinna að uppbyggingu þjónustukjarna fyrir aldraða á Sólvangi þar sem gert yrði ráð fyrir stoðþjónustu fyrir eldri borgara s.s. dagdvöl, félagsstarfi, mötuneyti, sjúkrahjálfun o.fl.

Verkefnisstjórnin skal vinna að uppbyggingu hjúkrunarrýma í eldri byggingu Sólvangs .....

Samningur félags- og tryggingamálaráðuneytis og Hafnarfjarðarkaupstaðar um byggingu og þátttöku í leigu hjúkrunarheimilis fyrir aldraða sem undirritaður var 3. maí 2010 liggur til grundvallar starfi stjórnarinnar. Auk þess skal tekið mið af vinnu verkefnastjórnar um uppbyggingu hjúkrunarheimilis í Skarðshlíð s.s. varðandi rekstrarforsendur og hugmyndafræði.

Verkefnastjórn starfar í umboði bæjarráðs.

#### Skipulag:

Verkefnastjórnin skal funda að jafnaði á tveggja vikna fresti, greitt verður fyrir fundarsetu skv. reglum bæjarfélagsins þar að lútandi. Skrá skal í fundargerðir öll þau atriði og ákvarðanir sem skipta kunna máli í tengslum við störf hennar. Fundargerðir verkefnastjórnar skal senda bæjarráði til staðfestingar. Jafnframt skulu fundargerðir sendar Umhverfis- og framkvæmdaráði og Fjölskylduráði til kynningar.

#### Fulltrúar í verkefnastjórn:

Bæjarráð hefur skipað eftirtalda aðila í verkefnastjórnina:

#### Aðalmenn:

XXXXXX fulltrúi meirihluta

XXXXXX fulltrúi meirihluta

Xxxxxxx fulltrúi meirihluta

XXXXXX fulltrúi minnihluta

XXXXXXXX fulltrúi minnihluta

XXXXXX fulltrúi FEB

XXXXXX fulltrúi Öldungaráðs

#### Starfsmenn verkefnastjórnar:

Með stjórninni skulu starfa sviðsstjórar Umhverfis- og skipulagsþjónustu og Fjölskylduþjónustu.

**Samþykkt erindisbréfs:**

Erindisbréfið þetta var samþykkt í bæjarráði XXXXX 2018.

DRAFT